

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 20. mars 1970

um samræmingu laga aðildarríkjanna um flöt fyrir aftara skráningarmerki og festingar á því á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(70/222/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal tæknilegra krafna sem vélknúin ökutæki verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða flöt fyrir aftara skráningarmerki og festingar á því.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var viðfangsefni tilskipunar ráðsins ⁽¹⁾ frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, geti átt við allar gerðir ökutækja.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ hvers konar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra ætluð til notkunar á vegum, með eða án yfirbyggingar, sem eru á fjórum hjólum að minnsta kosti og hönnuð fyrir meiri hámarkshraða en 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum, landbúnaðartækjum og vélbúnaði til opinberra verklegra framkvæmda.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af ástæðum sem varða flöt fyrir aftara skráningarmerki og festingar á því ef þessi atriði fullnægja þeim kröfum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa tilskipun.

3. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðaukans að tækniframförum skal samþykka samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu leiða í lög ákvæði sem fela í sér nauðsynlegar kröfur til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. mars 1970.

Fyrir hönd ráðsins,

P. HARMEL

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

VIÐAUKI

1. LÖGUN OG MÁL FLATAR FYRIR AFTARA SKRÁNINGARMERKI

Flötur fyrir festingu skal vera flatur eða því sem næst flatur og rétthyrndur með eftirfarandi mál hið minnsta:

annaðhvort	{	breidd 520 mm
		hæð 120 mm
eða	{	breidd 340 mm
		hæð 240 mm

2. STAÐSETNING FLATAR FYRIR MERKIN OG FESTINGAR ÞEIRRA

Flötur fyrir festingu skal vera þannig að merkin uppfylli eftirfarandi kröfur rétt áfest:

2.1. Staðsetning merkisins miðað við lengdarsamhverfuplan ökutækisins

Óheimilt er að miðja merkisins sé hægra megin við lengdarsamhverfuplan ökutækisins.

Óheimilt er að vinstri brún merkisins sé vinstra megin við lóðrétt plan sem er samsíða lengdarsamhverfuplaninu og nemur við ystu brún ökutækisins.

2.2. Staðsetning merkisins miðað við lengdarsamhverfuplan ökutækisins

Merkið skal vera hornrétt eða því sem næst hornrétt á lengdarsamhverfuplan ökutækisins.

2.3. Staðsetning merkisins miðað við lóðrétt plan

Merkið skal vera í lóðréttri stöðu með leyfilegu 5° fráviki. Krefjist lögum ökutækisins þess er samt sem áður heimilt að það halli frá lóðréttu plani um:

2.3.1. mest 30° vísi númerahliðin upp á við, að því tilskildu að hæð efri brúnar merkisins sé ekki yfir 1,20 m frá jörðu;

2.3.2. mest 15° vísi númerahliðin niður á við, að því tilskildu að hæð efri brúnar merkisins sé yfir 1,20 m frá jörðu.

2.4. Hæð merkisins frá jörðu

Hæð neðri brúnar merkisins frá jörðu skal ekki vera undir 0,30 m; hæð efri brúnar merkisins frá jörðu skal ekki vera yfir 1,20 m. Þegar ógerlegt er í reynd að fullnægja síðara ákvæðinu er þó heimilt að hæðin fari yfir 1,20 m sé hún eins nálægt því marki og smíði ökutækisins leyfir og í engu tilviki yfir 2 m.

2.5. Rúmfræðileg skilyrði með tilliti til sýnileika

Merkið skal vera sýnilegt í öllu rúminu sem afmarkast af eftirfarandi fjórum plönunum:

Lóðréttu plönunum tveimur sem nema við báðar hliðarbrúnir merkisins og mynda 30° horn út á við á lengdarsamhverfuplan ökutækisins; planinu sem nemur við efri brún merkisins og myndar 15° horn upp á við á lárétt plan; lárétta planinu gegnum neðri brún merkisins (sé hæð efri brúnar merkisins frá jörðu hins vegar yfir 1,20 m skal síðastnefnda planið mynda 15° horn niður á við á lárétt plan).

2.6. Ákvörðun hæðar merkisins frá jörðu

Mæla skal hæð þá sem mælt er fyrir um í 2.3, 2.4 og 2.5 með ökutækið óhlaðið.